

Sp.

174. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Eins og undanfarin ár hafa samgöngumálanefndir beggja deilda unnið saman að undirbúningi tillagna um framlög ríkisins til flóabáta og vöruflutninga. Að þessu sinni hefur samvinnunefndin haft minni tíma til þessara starfa en oft áður, auk þess sem ekki liggja fyrir rekstrarreikningar nokkurra flóabáta fyrir yfirstandandi ár. Eins og ávallt áður hefur nefndin notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Fátt er það, sem strjálbýlinu er jafnmikilvægt og bættar samgöngur á sjó og landi. Mikið hefur áunnizt í þeim efnum undanfarinn áratug, enda ávallt gætt skilnings og einhugar meðal þingmanna um framlög úr ríkissjóði til að tryggja þessa þjónustu við strjálbýlið. Margt konar truflunum hafa þó hinir miklu fólksflutningar úr strjálbýlinu í þéttbýlið valdið í sambandi við þessa þjónustu, og vissulega er það mikil nauðsyn, að gerð verði ýtarleg rannsókn á sjóflutningum við strendur landsins og þeim komið í það horf, sem bezt hentar fyrir þá aðila, sem þeirra eiga að njóta.

Um rekstur einstakra flóabáta og framlög til þeirra skal þetta tekið fram:

Norðurlandssamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til „Drangs“ hækki úr 660 þús. kr. í 700 þús. kr. og framlag til Strandabáts verði 160 þús. kr. eða sama og í ár og rekstrartími bátsins nái yfir 8 mánaða tímabil.

Þá leggur nefndin til, að Haganesbátur fái 8 500 kr. framlag, Hríseyjarbátur 30 þús. kr. og Flateyjarbátur á Skjálfanda 48 þús. kr., en þetta eru sömu rekstrarframlög og þessir bátar njóta á fjárlögum yfirstandandi árs.

Austfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði hið sama og í ár, eða 42 þús. kr., að framlag til Mjóafjarðarbáts verði einnig hið sama og á yfirstandandi ári, 90 þús. kr., og þá ráð fyrir gert, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og s. l. ár.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði hið sama og á yfirstandandi ári, eða 270 þús. kr., og framlag vegna vöruflutninga til Öræfa og bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu verði einnig hið sama og á þessu ári, eða 120 þús. kr. — Þá leggur nefndin til, að veittar verði til Vestmannaeyjabáts 150 þús. kr. vegna mjólkurflutninga.

Faxaflóasamgöngur:

Skallagrímur h/f naut framlags úr ríkissjóði á yfirstandandi ári, að fjárhæð 850 þús. kr. Nefndin leggur til, að framlag á næsta árs fjárlögum verði hið sama. — Framlag til Mýrabáts leggur nefndin til að verði það sama og á þessu ári, eða 4500 kr.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Á yfirstandandi ári var veitt rekstrarframlag til Flateyjarbáts, 200 þús. kr., en af upphæðinni átti að verja 20 þús. kr. til snjóbílsferða milli Fjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu og Patreksfjarðar. Þá fór og fram síðari greiðsla, 65 þús. kr., vegna viðgerðarkostnaðar á bátnum. Nefndin leggur til, að Flateyjarbátur njóti sama rekstrarframlags á næsta ári, eða 200 þús. kr., en af upphæðinni gangi 20 þús. kr. til snjóbílsferða, á sama hátt og á yfirstandandi ári. — Í sambandi við rekstur Stykkishólmsbáts leggur nefndin til, að framlag til hans verði hið sama og á þessu ári, eða 660 þús. kr. — Þá leggur nefndin til að rekstrarframlag til Langeyjarnesbáts verði hið sama og í ár, eða 30 þús. kr., og auk þess njóti báturinn eða eigandi hans 15 þús. kr. framlags vegna endurbyggingar bátsins.

Vestfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að Djúpbátum verði veitt sama rekstrarframlag og á þessu ári, eða 660 þús. kr. — Þá leggur nefndin til, að framlag til Dýrafjarðarbáts verði hið sama og í ár, eða 10 þús. kr., og framlag til Patreksfjarðarbáts verði hækkað úr 3 500 kr. í 10 000 kr. — Að fengnum upplýsingum telur nefndin ekki þörf á framlagi til Arnarfjarðarbáts á næsta ári.

Nefndin leggur til, að þeir aðilar, sem hljóta véla-, viðgerðar- eða byggingarstyrki, skuli skuldbinda sig til að taka ekki viðkomandi skip úr siglingum þeim, sem það er styrkt til, næstu fimm ár, nema styrkurinn verði endurgreiddur.

Samkvæmt framangreindum tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild 4 058 000 kr. Eins og að framan greinir, leggur nefndin til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Norðurlandsbátur	700 000 kr.
Strandabátur	160 000 —
Haganesbátur	8 500 —
Hríseyjarbátur	30 000 —
Flateyjarbátur á Skjálfanda	48 000 —
Loðmundarfjarðarbátur	42 000 —
Mjóafjarðarbátur	90 000 —
Vöruflutningar á Suðurlandi	270 000 —
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu og til vöruflutninga til Örefa	120 000 —
Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	150 000 —
H/f Skallagrímur — „Akraþorg“	850 000 —
Mýrabátur	4 500 —
Flateyjarbátur á Breiðafirði	200 000 —
Stykkishólmsbátur	660 000 —
Langeyjarnesbátur	30 000 —
Sami, vegna endurbyggingar báts	15 000 —
Djúpbátur	660 000 —
Dýrafjarðarbátur	10 000 —
Patreksfjarðarbátur	10 000 —

Samtals 4 058 000 kr.

Alþingi, 5. des. 1960.

Sig. Ágústsson,
form. Nd.-nefndar, frsm.
Jón Árnason,
fundarskr. Ed.-nefndar.
Bjartmar Guðmundsson.

Jón Þorsteinsson,
form. Ed.-nefndar
Björn Pálsson,
með fyrirvara.
Ólafur Jóhannesson.
Jónas Pétursson.

Benedikt Gröndal
fundarskr. Nd.-nefndar.
Sigurvin Einarsson.
Lúðvík Jósefsson.